Sþ. **359. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun**

fyrir árið 1985.

(Lögð fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 18. desember 1984.)

## I.
## Inngangur.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985 svipar í megindráttum til áætlana síðustu ára að því er tekur til efnistöku og framsetningar. Áætlunin er nú lögð fram síðar á þingtímanum en í fyrra og skýrist sá dráttur af breyttum efnahagsaðstæðum nú á haustmánuðum.

Lánsfjáráætlun ársins 1985 fellur að yfirlýstum markmiðum ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og fjárfestingarmálum. Í áætluninni koma fram stefnumarkandi tillögur um eflingu atvinnulífs og framkvæmd hennar. Áætlunin er reist á þeim forsendum um þróun launa og verðlags sem talið er að gilda muni á árinu 1985. Forsendur þessar hafa um margt gjörbreyst í kjölfar nýafstaðinna kjarasamninga og gengisaðlögunar frá því sem lýst er í frumvarpi til fjárlaga og þjóðhagsáætlun ársins 1985.

Í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna frá því í byrjun september s. l. er m. a. fjallað um framkvæmdir og erlendar lántökur. Brýnt er talið að hamla gegn auknum erlendum lántökum til óarðbærrar fjárfestingar. Á hinn bóginn eru því takmörk sett hve langt er þolanlegt að ganga í samdrætti fjárfestingar atvinnuvega og opinberra aðila með tilliti til atvinnuhorfa.

Heildarlánsfjáröflun til opinberra aðila, Framkvæmdasjóðs og annarra lánastofnana auk atvinnuvega nemur alls 9 868 m. kr. og skiptist hún þannig (í millj. kr.):

| | |
|---|---|
| 1. Ríkissjóður, A- og B-hluti | 3 149 |
| 2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs | 1 800 |
| 3. Sveitarfélög | 153 |
| 4. Íbúðarlánasjóðir | 1 558 |
| 5. Lánastofnanir | 1 372 |
| 6. Atvinnufyrirtæki | 1 836 |

Lánsfjárþörfinni er ráðgert að mæta bæði með fjáröflun innanlands sem og erlendis. Innlendi lánsfjármarkaðurinn hefur á árinu 1984 reynst mjög frábrugðinn því sem var 1983 og árin þar á undan. Því er innlenda fjáröflunin einkar ótrygg á næsta ári en alls er stefnt að öflun 2 568 m. kr. á þeim markaði. Veigamesti þáttur innlendu lánsfjáröflunarinnar eru kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs og húsbyggingarsjóða. Í áætlun þessari er gengið út frá að sem næst 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði varið til þessara kaupa. Áætlað er að til ríkissjóðs aflist 400 m. kr. með sölu spariskírteina ríkissjóðs, auk 200 m. kr. með öðrum hætti. Skuldabréfa- og spariskírteinamarkaðurinn hefur reynst einkar óviss á þessu ári og ráða þar fjölbreytileg ávöxtunarkjör mestu. Markviss stefna og framkvæmd er því skilyrði þess að innanlands aflist tilætlað lánsfé.

Erlend lán 1985 eru alls áformuð 7 300 m. kr. og er það nánast sú fjárhæð er stjórnvöld settu að markmiði sem hámark erlendrar lántöku 1985. Það er ávallt nokkrum vandkvæðum bundið að áætla lántökur til atvinnuvega. Líta verður í samhengi á lántöku til Framkvæmdasjóðs, og þar af leiðandi ráðstöfunarfé atvinnuvegasjóðanna, til nýs þróunarfélags og beinar erlendar lántökur atvinnufyrirtækja. Alls eru þetta um 3 300 m. kr. Á liðnum árum hefur komið í ljós að erfitt er að áætla beinar erlendar lántökur atvinnufyrirtækja. Ræðst niðurstaða þeirrar lántöku mjög oft af því hvenær dýr atvinnutæki eins og flugvélar og skip koma til landsins og eru skráð í lána- og gjaldeyrisyfirlit. Um þetta er óvissa á árinu 1985.
Lánsfjáráætlun fyrir 1985 er eins og undanfarin ár unnin í samvinnu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Framkvæmdastofnunar, Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar.

## II.
## Heildarfjárfesting.

Í endurskoðaðri fjárfestingaráætlun fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir að fjárfesting muni aukast um 2,8% frá fyrra ári eftir 13,6% samdrátt á árinu 1983. Fjárfesting atvinnuveganna er talin aukast um 10,7%. Í byggingum og mannvirkjum hins opinbera er áætlaður 5,9% samdráttur, en íbúðarhúsabyggingar 1984 eru taldar aukast um 2%. Fjármunamyndun 1984 er áætluð 16 304 m. kr. og hlutfall fjármunamyndunar af þjóðarframleiðslu er áætlað 24,2%. Að undanskildum stórframkvæmdum og inn- og útflutningi skipa og flugvéla er fjármunamyndunin nú talin aukast um 9% á árinu 1984 eftir 12% samdrátt á árinu 1983.

**Fjármunamyndun 1984—1985**

| | Milljónir króna á verðlagi hvors árs | | Magnbreytingar frá fyrra ári, % | |
|---|---|---|---|---|
| | Áætluð útkoma 1984 | Áætlun 1985 | Áætluð útkoma 1984 | Áætlun 1985 |
| 1. Atvinnuvegir | 7 469 | 10 412 | 10,7 | 10,0 |
| 2. Íbúðarhús | 3 353 | 4 225 | 2,0 | 0,0 |
| 3. Opinberar framkvæmdir | 5 482 | 6 383 | −5,9 | −7,6 |
| þ. a. orkuframkvæmdir | (1 880) | (2 303) | −18,5 | −2,8 |
| 4. Samtals | 16 304 | 21 020 | 2,8 | 2,0 |
| 5. Fjárfesting sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu | 24,2% | 24,3% | | |

Byggingarvísitala er áætluð hækka um 26% milli áranna 1984 og 1985, en erlendur kostnaður er talinn hækka um 27%. Fjármunamyndunin 1985 er talin aukast um 2% og nema 24,3% af þjóðarframleiðslu. Á árinu 1985 er fjárfesting atvinnuveganna talin aukast um 10%. Gert er ráð fyrir að íbúðarhúsabyggingar verði jafn miklar og árið áður. Samdráttur er talinn verða í byggingum og mannvirkjum hins opinbera sem nemur 7,6%. Áætlað er að heildarfjárfestingin árið 1985 án stórframkvæmda og inn- og útflutnings skipa og flugvéla muni dragast saman um rúmlega 3%.

**Atvinnuvegirnir**

Eins og að framan greinir er fjárfesting atvinnuveganna 1985 talin aukast um 10%. Fjármunamyndun í landbúnaði er talin verða um 3% minni 1985 en 1984. Víða um land er

verið að stofnsetja fiskeldisstöðvar. Framkvæmdir við þær teljast til fjárfestingar í landbúnaði. Áætlað er að fjárfesting í fiskveiðum dragist saman um 42%. Ekki er gert ráð fyrir neinum innflutningi fiskiskipa né heldur endurbótum fiskiskipa erlendis. Árið 1984 voru verkefni innlendra skipasmíðastöðva við endurbætur fiskiskipa með mesta móti. Fjármunamyndun fiskvinnslufyrirtækja er talin hafa aukist að mun á árinu 1984, einkum vegna mikils innflutnings ýmissa véla og tækja til fiskvinnslufyrirtækja, meðal annars rækjuvinnslu. Í spá fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir 10% aukningu í fjárfestingu fiskvinnslufyrirtækja. Ekki hefur enn þá verið tekin ákvörðun um framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og því er hér ekki reiknað með útgjöldum til þeirra á árinu 1985. Í öðrum iðnaði er gert ráð fyrir 10% aukningu framkvæmda. Þar er meðal annars um að ræða, að haldið verður áfram byggingu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki og byggingu mjólkurstöðvar í Reykjavík. Áætlað er að fjármunamyndun í flutningatækjum verði tvöfalt meiri á árinu 1985 en árið 1984. Þessi mikla aukning stafar af því að þrjú flutningaskip, sem von var á í ár, koma ekki fyrr en á næsta ári. Jafnframt er reiknað með að Flugleiðir h/f kaupi hljóðdeyfa á tvær af DC-8 vélum sínum, en ekki er gert ráð fyrir meiri háttar flugvélakaupum. Landhelgisgæslan fær nýja þyrlu. Framkvæmdir við verslunar-, skrifstofu- og gistihús o. fl. eru taldar verða svipaðar og í ár. Áætlað er að fjárfesting í ýmsum vélum og tækjum aukist um 35% árið 1984 og um 5% 1985, en hér er um að ræða vinnuvélar hvers konar og tölvubúnað. Í sambandi við fjármunamyndun atvinnuveganna á árinu 1985 er meðal annars gert ráð fyrir að nokkurra áhrifa gæti af því fé (550 m. kr.) sem veita á til nýsköpunar í atvinnulífinu.

**Íbúðabyggingar**

Horfur um smíði íbúðarhúsa á árinu 1985 eru næsta óráðnar. Á höfuðborgarsvæðinu hefur verið byggt mikið af íbúðum undangengin tvö ár eftir verulega lægð árin 1977—1981. Á móti voru íbúðabyggingar annars staðar á landinu yfirleitt með mesta móti árin 1973—1980 en úr þeim hefur dregið síðan. Talið er að fyrirliggjandi verkefni við íbúðir í smíðum í árslok 1984 séu allmikil á höfuðborgarsvæðinu en tiltölulega lítil víða úti um land og kann það að halda aftur af umsvifum í heild á næsta ári, jafnvel þótt íbúðalán verði aukin. Þegar á heildina er litið þykir rétt að reikna með því að framkvæmdir við íbúðabyggingar verði álíka miklar árin 1984 og 1985.

**Opinberar framkvæmdir**

Áætlað er að framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera dragist saman um 7½% á árinu 1985 eftir um fjórðungssamdrátt næstliðin þrjú ár. Raforkuframkvæmdir í heild eru taldar dragast saman um 2%, en framkvæmdir Landsvirkjunar aukast um 6%. Stærstu verkefni Landsvirkjunar á næsta ári verða Blönduvirkjun og áframhald framkvæmda við Kvíslaveitur. Áætlað er að hitaveituframkvæmdir dragist saman um 4% 1985 en vatnsveituframkvæmdir eru taldar verða svipaðar og í ár. Um þrír fjórðu hlutar af áætluðum hitaveituframkvæmdum á næsta ári verða á vegum Hitaveitu Reykjavíkur eins og í ár. Áætlað er að samgönguframkvæmdir dragist saman um 12%. Áfram verður haldið smíði flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli. Nokkur samdráttur er áætlaður í framkvæmdum við byggingar hins opinbera eða tæplega 8%.

**Fjárfesting og atvinnuhorfur**

Samkvæmt þeirri fjárfestingarspá, sem hér hefur verið rakin, verður samdráttur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á árinu 1985 er nemur 2—3%, en árið 1984 er talin verða 2% aukning. Eftir þessu að dæma gæti heildaratvinna við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð orðið nokkru minni á árinu 1985 en 1984, en þá var víða mikil þensla á vinnumarkaði í þessum greinum. Atvinnu við byggingar og framkvæmdir hvers konar virðist því naumast hætta búin þótt heldur dragi úr umsvifum frá því sem verið hefur á árinu 1984.

## III.
## Innlend lánsfjáröflun.

Skilyrði til innlendrar lánsfjáröflunar hafa reynst sérstaklega örðug að undanförnu. Eru þar einkum að verki samtvinnuð áhrif hinnar gífurlegu verðbólgu, sem geisaði fram í september síðasta árs, og þess samdráttar í rauntekjum þjóðarbúsins sem nú hefur staðið í þrjú ár samfleytt. Auk þess sem áhrifin koma beint fram á markaði spariskírteina og í eftirspurn félaga lífeyrissjóða eftir lánum úr sjóðum sínum hafa þau magnast verulega við þrengingar bankakerfisins, sem keppt hefur ákaft um innlánsfé með háum raunvöxtum og á hinn bóginn bægt frá sér lánsfjáreftirspurn. Hið opinbera hefir brugðist við þessum aðstæðum með fýsilegum vaxtakjörum, sem gilda óhögguð til langs tíma. Á lífeyrissjóðina hefur verið lögð skylda til að kaupa skuldabréf fjárfestingarlánasjóða og ríkissjóðs. Þrátt fyrir þetta hefur innlend lánsfjáröflun opinberra aðila brugðist stórlega 1984.

Allar horfur eru á framhaldi tregrar innlendrar fjármögnunar næsta ár, þrátt fyrir ýmsar aðgerðir. Taka mun bankakerfið a. m. k. allt næsta ár að jafna þann lausafjárvanda, sem nú á haustmánuðunum hefur numið um 3 000 m.kr. Samkeppni um sparifé verður því áfram hörð og raunvextir háir og mjög háðir vöxtum á erlendum lánamarkaði, sem mikið þarf að sækja til. Áfram verður unnið að því að bjóða fjölbreytileg og hagstæð kjör opinberra verðbréfa og að kynna þau sem best. Í ljósi fenginnar reynslu verður eigi að síður að fara mjög varlega í spásagnir um árangur.

Meðfylgjandi yfirlitstafla um innlenda lánsfjáröflun gefur glögga sýn yfir þessa óhagstæðu reynslu. Talsverður samdráttur varð árið 1983, bæði frá lánsfjárlögum ársins og að raunverulegu verðgildi frá árinu áður. Fyrst keyrir þó um þverbak 1984. Beinlínis neikvæð útkoma spariskírteinafjár og skyldusparnaðar, ásamt nánast brottfalli framlags Atvinnuleysistryggingasjóðs frá árinu áður, skipta þarna sköpum. Heildarniðurstaðan í krónum talin er aðeins rúmur þriðjungur þess sem upphaflega var áætlað, og jafnframt aðeins þriðjungur að raunverulegu verðmæti miðað við innlenda lánsfjáröflun 1982.

Um viðtöku nýrrar spariskírteinaútgáfu er mjög blint í sjóinn rennt. Ástæða er þó til að ætla að sparendur muni meta hagstæða og örugga langtímaávöxtun spariskírteina. Er því áætluð aukning nýrrar útgáfu upp í 400 m.kr. 1985. Enn viðameira vandamál er þó það, að á næsta ári falla tveir árgangar spariskírteina, frá 1980 og 1982, til fyrstu innlausnar, að innlausnarvirði um 800 m.kr., auk eftirstöðva eldri útgáfuflokka með ófullnægjandi ávöxtun í samanburði við ríkjandi vaxtakjör. Verður því lagt kapp á að fá innleysendur til þess að taka ný skírteini í stað þeirra sem innleyst verða. Er þó ekki talið fært að áætla meiri árangur en svo, að innheimta af fyrri spariskírteinalánum gangi öll til nettóinnlausnar.

Útboð ríkisvíxla hófst í marsmánuði og hafa þau farið fram mánaðarlega síðan. Hverju sinni hafa verið boðnar fram 30 m.kr. í 3ja mánaða víxlum, en aðeins tvisvar hefur verið tekið tilboðum í alla fjárhæðina. Hæst námu útistandandi víxlar 86 m.kr. í júlímánuði, en gætu numið 90 m.kr., væri öllum boðum að jafnaði tekið. Útboð ríkisvíxla voru öðrum þræði tilraun til þess að komast að niðurstöðu um jafnvægisvexti á lánamarkaði og hins vegar fjáröflun fyrir ríkisjóð.

Bankakerfið er að svo stöddu ekki vel í stakk búið til nýrra verðbréfakaupa. Að verulegum hluta koma nú verðbréfakaup þó á móti afborgunum fyrirliggjandi lánastofns, og er byrði hreinnar lánaaukningar að sama skapi minni. Nauðsynlegt er að halda þessari fjármögnunarleið í svipuðu horfi og fyrr og verður reynt að semja við banka og sparisjóði um ný verðbréfakaup er nemi um 5% af áætlaðri innlánaaukningu eða um 200 m.kr.

Lífeyrissjóðirnir eru stærsti og staðbesti stofn innlendrar fjármögnunar til langs tíma. Þar sem flestir sjóðirnir eru komnir til nokkurs þroska fara lífeyrisskuldbindingar þeirra ört vaxandi, og kemur það niður á ráðstöfunarfé þeirra til lánveitinga. Ennfremur fer vaxandi hluti þess til að mæta lánaeftirspurn sjóðfélaga, og ýmsir sjóðanna ýmist hliðra sér hjá að

uppfylla kaupskyldu sína á skuldabréfum eða láta féð renna til annarra lánasjóða en ráð er fyrir gert í lánsfjáráætlun. Á yfirstandandi ári virðast öll þessi afföll ætla að koma niður á húsnæðislánakerfinu.

**Innlend lánsfjáröflun**
(millj. kr.)

| | Lánsfjár-lög 1983 | Útkoma 1983 | Lánsfjár-lög 1984 | Áætluð útkoma 1984²) | Lánsfjár-áætlun 1985 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Spariskírteini ríkissjóðs:** | | | | | |
| Ný útgáfa | 200 | 101 | 200 | 260 | 400 |
| Innheimta spariskírteinalána | 381 | 381 | 637 | 680 | 650 |
| Innlausn | -21 | -21 | -170 | -1 180 | -650 |
| Innheimt umfram innlausn | 360 | 360 | 467 | -500 | 0 |
| Alls | 560 | 461 | 667 | -240 | 400 |
| **Ný verðbréfaútgáfa eða sparnaðarform:** | | | | | |
| v. ríkissjóðs | — | — | 158 | 70 | 200 |
| v. húsnæðislána | — | — | 322¹) | — | 188 |
| Alls | — | — | 480 | 70 | 388 |
| **Verðbréfakaup bankakerfis:** | | | | | |
| af ríkissjóði | 103 | 19 | — | | — |
| af Framkvæmdasjóði | 100 | 140 | 250 | 230 | 200 |
| Alls | 203 | 159 | 250 | 230 | 30 |
| **Verðbréfakaup lífeyrissjóða:** | | | | | |
| af ríkissjóði | 85 | 87 | 120 | 120 | — |
| af Framkvæmdasjóði | 230 | 146 | 110 | 110 | 150 |
| af húsnæðislánakerfi | 479 | 384 | 690 | 430 | 1 220 |
| af öðrum sjóðum | 66 | 256 | 80 | 205 | 30 |
| Alls | 860 | 873 | 1 000 | 865 | 1 400 |
| Önnur fjáröflun ríkissjóðs | 73 | 106 | — | — | — |
| Atvinnuleysistryggingasjóður til Byggingarsjóðs ríkisins | 76 | 0 | 115 | 16 | 0 |
| Skyldusparnaður, nettó til Byggingarsjóðs ríkisins | 42 | -7 | 45 | -110 | 0 |
| Samtals | 1 814 | 1 592 | 2 557 | 831 | 2 388 |

1) Skipt á 122 m. kr. á ábyrgð ríkissjóðs og 200 m. kr. án hennar.
2) Áætlun Seðlabanka í nóvember.

Þrátt fyrir 40% kaupskyldu lífeyrissjóðanna virðast skuldabréfakaup þeirra af öllum fjárfestingarlánasjóðum og ríkissjóði munu nema aðeins 31% af ráðstöfunarfé þeirra 1984 borið saman við 35,5% 1983 og 33% 1982. Örðugt árferði leyfir varla hærri spá en 33% á komandi ári, miðað við óbreytt lög og óbreytta framkvæmd. Ekki minna en 200 m. kr. kunna því að renna til hinna ýmsu sérsjóða að óbreyttu. Enda þyrfti að öðrum kosti að sjá fyrir miklu af þeim þörfum, er þeir sinna, eftir öðrum leiðum. Þó að gert sé ráð fyrir að ríkissjóður sleppi öllu tilkalli til lífeyrissjóðafjár og Framkvæmdasjóður taki ekki nema 150 m. kr. innan marka afborgana sinna til sjóðanna 1985, þá þarf stórátak til, eigi húsbyggingasjóðirnir að afla þess fjár hjá lífeyrissjóðum sem að er stefnt.

Ekki eru horfur á því að Atvinnuleysistryggingasjóður verði aflögufær á næsta ári. Athuganir fara nú fram á leiðum til þess að efla skyldusparnað ungmenna að nýju eða hliðstæðan sparnað á vegum húsnæðislánakerfisins. Varla er þó unnt að vænta meiri árangurs á næsta ári en að loka fyrir það útstreymi á skyldusparnaðarfé sem átt hefur sér stað að undanförnu.

## IV.
## Erlend lán og greiðslujöfnuður.

Á árinu 1984 er áætlað að innkomin erlend lán til lengri tíma en eins árs muni nema 7 570 m. kr. á áætluðu meðalgengi ársins. Afborganir af löngum lánum á árinu 1984 eru áætlaðar 4 295 m. kr. og verður því nettóaukning þeirra 3 275 m. kr. Svarar það til um 9,5% af útflutningstekjum en 4,9% af þjóðarframleiðslu, og eru bæði þessi hlutföll nokkru lægri en árið áður.

Á árinu 1984 er áætlað að viðskiptajöfnuður verði óhagstæður um 3 900 m. kr., sem svarar til 5,8% af áætlaðri þjóðarframleiðslu samanborið við 2,4% árið áður, 10% árið 1982 og 5% árið 1981. Nettóaukning langra erlendra lána er eins og áður segir áætluð 3 275 m. kr. á árinu 1984, en að frádregnum nettóhreyfingum á öðrum fjármagnsliðum er fjármagnsjöfnuður í heild áætlaður hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 3 400 m. kr., sem ásamt 500 m. kr. rýrnun gjaldeyrisstöðunnar ganga til þess að jafna viðskiptahallann.

Í árslok 1984 námu skuldir þjóðarbúsins í formi langra erlendra lána 32 126 m. kr. miðað við meðalgengi þess árs. Hlutfallsleg skipting skuldarinnar eftir gjaldmiðlum var sem hér segir:

| | % |
|---|---|
| Í Bandaríkjadollurum | 56,3 |
| Í sterlingspundum | 5,6 |
| Í dönskum krónum | 0,9 |
| Í norskum krónum | 2,2 |
| Í sænskum krónum | 0,2 |
| Í v-þýskum mörkum | 10,5 |
| Í svissneskum frönkum | 6,2 |
| Í frönskum frönkum | 0,2 |
| Í hollenskum gyllinum | 2,3 |
| Í belgískum/lux. frönkum | 0,4 |
| Í japönskum yenum | 11,7 |
| Í evrópskum reikningseiningum | 2,3 |
| Í SDR | 1,0 |
| Í öðrum gjaldmiðlum | 0,2 |
| Alls | 100,0 |

Vegna þess hve stór hluti af erlendum skuldum landsmanna er bundinn í dollurum hafa gengissveiflur hans mun meiri áhrif á skuldastöðu þjóðarbúsins út á við heldur en gengissveiflur annarra gjaldmiðla.

Áætlað er að löng erlend lán muni í árslok 1984 nema 42 660 m. kr. á meðalgengi ársins. Að meðtalinni aukningu á árinu 1985 er áætlað að hlutfallið verði ívið hærra í árslok 1985. Í árslok 1983 nam skuldastöðuhlutfallið 60,6%, 1982 47,8%, 1981 36,7% og á fimm ára tímabili þar á undan var hlutfallið á bilinu 32% til 35%. Þessi mikla hækkun á skuldastöðunni síðustu árin er að nokkru leyti afleiðing af lækkandi raungengi krónunnar ásamt stöðnun og rýrnun þjóðarframleiðslu.

Greiðslubyrði vegna afborgana og vaxta af löngum erlendum lánum hefur sl. fimm ár verið í hlutfalli af útflutningstekjum sem hér segir: 1979 12,9%, 1980 14,1%, 1981 16,4%, 1982 21,2%, 1983 20,6%. Á árunum 1984 og 1985 er gert ráð fyrir að þetta hlutfall hækki í um 23%.

Þörf fyrir erlendar lántökur má annars vegar miða við þarfir út frá horfum um greiðslujöfnuð og hins vegar þörf á að fjármagna nauðsynlegar og arðbærar framkvæmdir, sem ekki reynist unnt að fjármagna með innlendum sparnaði.

Auk endurgreiðslu af löngum erlendum lánum að fjárhæð 4 700 m. kr. er áætluð lántökuþörf vegna viðskiptahalla 1985 4 800 m. kr. Nýjar erlendar lántökur eru alls áætlaðar 8 500 m. kr., þ. e. 7 300 m. kr. til langs tíma og 1 200 m. kr. í formi skammtímalána. Þrátt fyrir þetta eru horfur á að greiðslujöfnuður verði óhagstæður um allt að 1 000 m. kr. sem jafnframt rýrir gjaldeyrisstöðuna.

Heildarupphæð innkominna langra lána er áætluð 7 300 m. kr., en það er áætluð fjárþörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda á árinu 1985 umfram það fé, sem aflað verði innanlands. Er þetta í samræmi við stefnu stjórnvalda um erlendar lántökur 1985. Auk lántöku til þess að mæta þessum þörfum verður aflað heimildar til lengingar lána án þess að slík lán hafi áhrif á heildarstöðu erlendra skulda.

Eins og að framan segir eru afborganir af löngum lánum áætlaðar 4 700 m. kr. en innkomin löng lán áætluð 7 300 m. kr. þannig að hrein aukning þeirra er því áætluð 2 600 m. kr., en það eru tæp 6% af áætluðum útflutningstekjum og um 3% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Er það nokkru lægra hlutfall en 1983 og 1984.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar erlendar langtímalántökur (innkomin lán) 1985:

| | millj kr. |
|---|---|
| Opinberir aðilar | 4 322 |
| Íbúðalánasjóðir | 992 |
| Atvinnuvegir | 1 836 |
| Samtals | 7 300 |

## V.
## Bankakerfið.

Áætlunin um peningamál árið 1985 byggir á þeim forsendum að þjóðarframleiðsla aukist um 0,6% að raungildi, verðbólga verði ekki yfir 22 af hundraði frá upphafi til loka ársins 1985. Þar sem nú eru horfur á miklum halla á viðskiptum við útlönd á næsta ári er líklegt að heildargreiðslujöfnuður verði neikvæður á árinu 1985.

Vegna vaxandi verðbólgu er gert ráð fyrir að raunvextir lækki eitthvað á næsta ári. Á árinu í heild er áætlað að þeir verði hærri en hafa verið á undanförum árum og valdi því að innlán aukist meira en svarar verðlags- og tekjubreytingum, eða um 25% yfir árið 1985. Meðaltal innlána 1983 svaraði til 28,8% af þjóðarframleiðslu þess árs og eru þá meðtaldir áfallnir vextir innlána innan ársins. Nú er áætlað að hlutfallið hækki í um 33% í ár og haldist svipað á árinu 1985. Á sjöunda áratugnum var hlutfallið um 40%.

Gefnar forsendur um þróun innlána og greiðslujafnaðar við útlönd veita svigrúm fyrir aukningu útlána bankakerfisins um 20% yfir árið 1985 án þess að ástæða sé til að ætla að slík aukning valdi eftirspurnarþenslu og stefni þannig markmiðum um viðskiptajöfnuð og verðþróun í hættu. Í þessu felst jafnframt að innlánsstofnanir gæti ýtrasta aðhalds í útlánum og skapi þar með grundvöll fyrir viðunandi lausafjárstöðu.

Reiknað er með því að samið verði við viðskiptabanka um að þeir kaupi verðbréf af Framkvæmdasjóði fyrir sem svarar 5% af aukningu innlána árið 1985, en að undanförnu hefur verið miðað við svipað hlutfall. Áætlað er að ný lán viðskiptabanka í þessu sambandi gætu numið 200 m. kr. á næsta ári.

**Peningamálaáætlun 1984 og 1985**

| | Staða 31.12.83 | —Hreyfingar í m. kr.— Áætlun 1984 | Lánsfjár áætlun 1985 |
|---|---|---|---|
| 1. Erlendar eignir til skamms tíma, nettó | 2 548 | 34 | −370 |
| 2. Innlendir liðir, nettó | 17 375 | 6 466 | 6 870 |
| þ. a. lán bankakerfis | 21 437 | 9 431 | 6 150 |
| 3. Peningamagn og sparifé | 19 923 | 6 500 | 6 500 |
| | | —Hreyfing í %— | |
| Heildarinnlán innlánsstofnana | | 32,9 | 25,1 |
| Peningamagn og sparifé (M3) | | 32,6 | 24,6 |
| Lán bankakerfisins | | 44,0 | 19,9 |

Á þessu ári hafa víðtækar aðgerðir í peninga- og lánamálum komist í framkvæmd sem munu setja mark á framvinduna á næstunni. Þessar aðgerðir mótuðust annars vegar af þeim vanda sem steðjaði að lausafjárstöðu innlánsstofnana og hins vegar af þeirri nýskipan í peninga- og lánamálum að auka frjálsræði á lánamarkaði. Hér á eftir er greint frá helstu aðgerðum í peninga- og lánamálum.

**Vaxtamál**

Innlánsstofnanir hafa fengið heimild til að ákveða sjálfar alla vexti aðra en vexti almennra sparisjóðsbóka, vexti endurseljanlegra afurðalána og vanskilavexti. Ákvarðanir innlánsstofnana þurfa þó samþykki Seðlabankans til að öðlast gildi. Með þessari breytingu eiga vextir að ráðast meira af markaðsaðstæðum í stað þess að vera ákveðnir af stjórnvöldum.

Verðbólgan hjaðnaði snögglega upp úr miðju ári 1983 úr rúmum 100% í um 14%, þegar hún náði lágmarki, og þrátt fyrir lækkun nafnvaxta á óverðtryggðum skuldbindingum á tímabilinu september 1983 til janúar 1984 hækkuðu raunvextir verulega. Verðbólgan er á uppleið aftur þegar þetta er ritað og raunvextir lækkandi, en engu að síður verða þeir hærri á árinu 1984 í heild en þeir voru í fyrra. Frá því að vera neikvæðir um 14 af hundraði á almennum skuldabréfum á árinu 1983 er líklegt að þeir verði jákvæðir um 4 af hundraði á árinu 1984. Hér á eftir fylgir yfirlit um vexti skuldabréfa og almennra sparisjóðsbóka frá árinu 1975. Við mat á raunvöxtum hefur verið miðað við hækkun lánskjaravísitölu frá ársbyrjun til ársloka.

| | Almenn skuldabréf | | Almennar sparisjóðsbækur | |
|---|---|---|---|---|
| | Ávöxtun | Raunvextir | Ávöxtun | Raunvextir |
| 1975 | 18,8% | −15,6% | 13,0% | −19,8% |
| 1976 | 19,5% | − 7,6% | 13,0% | −12,6% |
| 1977 | 20,7% | − 9,5% | 13,3% | −15,1% |
| 1978 | 27,2% | −13,3% | 18,6% | −19,2% |
| 1979 | 30,9% | −15,4% | 22,8% | −20,6% |
| 1980 | 39,9% | − 8,3% | 33,3% | −12,6% |
| 1981 | 45,1% | − 1,7% | 34,4% | − 8,9% |
| 1982 | 45,4% | − 9,4% | 35,3% | −15,7% |
| 1983 | 48,8% | −14,2% | 38,8% | −20,0% |
| 1984 áætlun | 24,1% | 4,3% | 16,1% | − 2,4% |

**Endurkaup, innlánsbinding**

Stefnt er að því að flytja afurðalán frá Seðlabanka til innlánsstofnana. Endurkaupahlutföll Seðlabankans voru lækkuð í sumar í þessu skyni og unnið er að frekari breytingum. Þá hefur kjörum vegna útflutningsframleiðslu verið breytt þannig að nú eru öll afurðalán, þ. m. t. viðbótarlán, bundin gengi SDR og fylgja kjörin m. a. vöxtum erlendis og eru endurskoðuð mánaðarlega.

Í vor samþykkti Alþingi lög um að Seðlabanka væri heimilt að beita sérstakri aukainnlánsbindingu og hefur ríkisstjórnin heimilað að bankinn bindi þannig allt að 5% af heildarinnlánum. Enn sem komið er hefur heimildinni þó ekki verið beitt.

**Gjaldeyrisviðskipti, gengisbinding**

Möguleikar innlánsstofnana til gjaldeyrisréttinda hafa verið rýmkaðir. Jafnframt hefur þeim verið heimilað að ráðstafa óbundnu fé á innlendum gjaldeyrisreikningum til gengistryggðra útlána.

Í samræmi við reglugerð nr. 383/1984, sem áréttar að yfirdráttur banka erlendis sé háður vissum takmörkunum, setti Seðlabankinn nýverið almennar reglur um gjaldeyrisjöfnuð innlánsstofnana. Þar er m. a. kveðið á um að innlánsstofnanir gæti þess að gengistryggðar eignir séu að jafnaði ekki minni en gengistryggðar skuldir til að girða fyrir gengisáhættu í rekstri.

**Fyrirgreiðsla Seðlabankans við innlánsstofnanir**

Til að hamla gegn útlánaaukningu innlánsstofnana og koma lausafjárstöðu þeirra í viðunandi horf greip Seðlabankinn til ýmissa aðgerða. Setti bankinn nýjar reglur hinn 2. ágúst síðastliðinn um lausaskuldir innlánsstofnana við Seðlabankann. Í þeim er lögð minni áhersla en áður á refsivexti en þeim mun meiri á það að fyrirbyggja yfirdrátt. Ljóst er að þetta svið verður eitt meginviðfangsefni í stjórn peningamála á næsta ári.

## VI.
## Opinberar framkvæmdir — opinber lánsfjárþörf.

Horfur eru á að framkvæmdir á vegum opinberra aðila dragist saman um 7,6% að magni til á árinu 1985 og nemi samtals 6 383 m. kr. Þessi áætlun felur í sér samdrátt opinberra framkvæmda fjórða árið í röð og hafa þær þá dregist saman um 31,8% frá árinu 1981. Þannig nam samdrátturinn 7,1% árið 1982, 15,7% 1983 og útlit er fyrir enn frekari samdrátt á árinu 1984 eða um 5,9%. Í töflum 1 og 2 í töfluviðaukanum kemur fram að á árinu 1985 muni opinberar framkvæmdir nema um 30,4% af heildarfjármunamyndum ársins

og er það mun lægra hlutfall en verið hefur um langt árabil. Jafnframt kemur þar fram að á öllum sviðum opinberra framkvæmda á sér stað nokkur minnkun á árinu 1985. Töflur 1–3 og 13–16 í töfluviðaukanum sýna sundurliðun á framkvæmdaáformum hins opinbera eftir eðli framkvæmda.

Eftirfarandi yfirlit sýnir uppruna og ráðstöfun fjármagns hjá opinberum aðilum annars vegar samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1984 og hins vegar lánsfjáráætlun 1985 (í millj. kr.):

| | Endurskoðuð áætlun 1984 | Lánsfjáráætlun 1985 |
|---|---|---|
| **I Fjárþörf:** | | |
| 1. Ríkissjóður, A-hluti | 1 410 | 1 861 |
| 2. Ríkissjóður, B-hluti | 1 315 | 1 438 |
| 3. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs | 1 064 | 1 800 |
| 4. Sveitarfélög | 343 | 153 |
| Samtals | 4 132 | 5 252 |
| **II Fjármögnun:** | | |
| **1. Innlend fjáröflun** | **230** | **780** |
| a) Útgáfa spariskírteina | 260 | 400 |
| b) Innheimt umfram innlausn af endurlánuðu spariskírteinafé | −220 | — |
| c) Skuldabréfakaup lífeyrissjóða | 120 | — |
| d) Önnur lánsfjáröflun, ríkisvíxlar o. fl. | 70 | 200 |
| e) Skuldbreyting Endurlána ríkissjóðs | — | 180 |
| **2. Erlendar lántökur** | **3 902** | **4 472** |
| a) Ríkissjóður, A-hluti | 1 180 | 1 261 |
| b) Ríkissjóður, B-hluti | 1 315 | 1 258 |
| c) Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs | 1 064 | 1 800 |
| d) Sveitarfélög | 343 | 153 |
| Samtals | 4 132 | 5 252 |

Samkvæmt yfirlitinu nemur heildarlánsfjárþörf opinberra aðila 5 252 m. kr. á árinu 1985, en í töflu 5 í töfluviðaukanum er sýnd frekari sundurliðun þessara lántökuáforma eftir notendum. Rétt er að minna á að erlend lántaka Byggingarsjóðs ríkisins vegna orkusparnaðarátaks er hér meðtalin undir B-hluta ríkissjóðs, en í heildaryfirlitinu um innlendar og erlendar lántökur (tafla 4) er þessi lántaka að sjálfsögðu færð með lántökum húsbyggingarsjóðanna.

Hér á eftir er farið nokkrum orðum um ráðstöfun lánsfjár hjá opinberum aðilum á árinu 1985, en að því búnu mun fjallað um fyrirhugaða lánsfjáröflun sömu aðila.

### Lánsfjárráðstöfun

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 er gerð grein fyrir lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs. Þar kemur fram að heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs nemur 1 852 m. kr., en í aðalatriðum orsakast hún af eftirtöldum þáttum: 1) Rekstrarhalli 532 m. kr. 2) Afborganir lána, nettóútstreymi 1 046 m. kr. 3) Hlutafjárframlög 135 m. kr. 4) Viðskiptareikningar, nettóútstreymi 120 m. kr. og 5) Sjóðsaukning 19 m. kr. Í fjárlagafrumvarpinu er gerð ítarleg grein fyrir framkvæmdum og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs og því ekki ástæða til að fjölyrða um þau atriði hér.

Frá þeim tíma er fjárlagafrumvarpið var lagt fram á Alþingi hafa orðið miklar sviptingar í efnahagslífinu vegna kjaradeilna og niðurstöður þeirra röskuðu mjög þeim forsendum sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu um breytingar á innlendu verðlagi og gengi. Endurskoðun á

tekjum og gjöldum ríkissjóðs í kjölfar breyttra forsendna hefur í grófum dráttum verið kynnt á Alþingi og verður lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs samkvæmt því 1 861 m. kr.

Í yfirlitinu hér að framan er lánsfjárþörf B-hluta ríkissjóðs áætluð alls 1438 m. kr., en í frumvarpi til fjárlaga er hún sýnd 1 298 m. kr. Mismunurinn skýrist af nauðsynlegri hækkun lántökuheimilda í kjölfar breyttra forsendna um verðlag og gengi á árinu 1985 frá því sem áætlað var við gerð fjárlagafrumvarpsins. Þannig var óhjákvæmilegt að hækka lántökuheimild Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 40 m. kr. og Kröfluvirkjunar vegna fjármagnsútgjalda um 100 m. kr., en ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum lántökuheimilda af þessum orsökum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 er gerð grein fyrir áætlunum um ráðstöfun lánsfjár í einstökum tilvikum sem ekki þarf að endurtaka hér.

Lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs eru áformaðar alls 1 800 m. kr. á árinu 1985 og er það veruleg aukning miðað við lántökuheimildir yfirstandandi árs. Þeir þættir sem vega hér þyngst eru lántökur Landsvirkjunar alls 1 200 m. kr. og iðnþróunarfélags 500 m. kr. Veigamestu verkefni Landsvirkjunar eru framkvæmdir við Blönduvirkjun og Kvíslaveitur. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna í september s. l. mun stofnað félag til eflingar iðnþróunar, tækninýjunga og rannsókna í atvinnulífinu. Á þessu stigi er ekki fullmótað hvernig þessari starfsemi verður háttað. Auk þess er í fjárlagafrumvarpinu ráðgert að leggja félaginu til hlutafé að fjárhæð um 50 m. kr. Að lokum eru lántökur Orkubús Vestfjarða áætlaðar 40 m. kr. og steinullarverksmiðju á Sauðárkróki 60 m. kr.

Fyrirhugaðar erlendar lántökur sveitarfélaga nema alls 153 m. kr. á árinu 1985. Eins og kemur fram í töflu 14 í töfluviðaukanum er hér einkum um að ræða lántökur vegna skuldbreytingar hitaveitna. Veigamest er 82 m. kr. lántaka fjarhitunar í Vestmannaeyjum vegna skuldbreytingar skammtímalána sem fengist hafa hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Auk þess er 65 m. kr. lántaka Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, og 6 m. kr. lántaka Hitaveitu Rangæinga vegna áframhaldandi framkvæmda við veituna á árinu 1985.

**Lánsfjáröflun**

Í yfirlitinu hér að framan kom fram að afla þarf opinberum aðilum alls 5 252 m. kr. með lántökum, þar af 780 m. kr. innanlands og 4 472 m. kr. erlendis. Hér á eftir er fjallað um með hvaða hætti er fyrirhugað að afla þessa fjármagns á árinu 1985. Jafnframt er vísað í kafla III, innlend lánsfjáröflun, til frekari skýringa.

**1. Innlend lánsfjáröflun:** Innlendur lánsfjármarkaður hefur einkennst af óstöðugleika á þessu ári og staða ríkissjóðs þar verið afar erfið. Í kjölfar rýmri heimildar innlánsstofnana til eigin vaxtaákvörðunar hefur samkeppni um sparifé almennings verið mikil. Eigendum sparifjár standa til boða háir raunvextir og ávöxtunarkostir eru mun fjölbreyttari en verið hafa til þessa. Sú þróun sem hér er lýst hefur leitt til mikillar innlausnar á spariskírteinum ríkissjóðs. Ríkissjóður reyndi að sporna gegn þessari þróun með því að bjóða eigendum innleysanlegra skírteina svonefnd skiptibréf sem bera hærri raunvexti en hin hefðbundnu spariskírteini bjóða upp á. Í byrjun desember nam heildarinnlausn rúmum 1 400 m. kr., en sala nýrra spariskírteina og skiptibréfa á sama tíma nam aðeins um 520 m. kr. Á árinu 1985 er ráðgert að afla ríkissjóði alls 600 m. kr. á innlenda lánsfjármarkaðinum, þar af 400 m. kr. með sölu nýrra spariskírteina og 200 m. kr. með annarri fjáröflun, svo sem ríkisvíxlum o. fl. Mikil óvissa ríkir um innlausn eldri spariskírteina á næsta ári. Heildarinnlausnarverðmæti útgefinna spariskírteina nemur alls um 4 400 m. kr. miðað við verðlag í septemberlok 1984. Binditími nýrra skírteina nemur minnst þremur árum, en að þeim tíma liðnum er eiganda frjálst að leysa inn nafnverð þess að viðbættum verðbótum og áföllnum vöxtum. Að teknu tilliti til binditíma eru aðeins um 600 m. kr. af útgefnum spariskírteinum ekki innlausnarhæf á tímabilinu október 1984 til ársloka 1985. Innlausnarkrafa á ríkissjóð gæti að hámarki

numið um 3 800 m. kr. á þessu tímabili. Í fjárlagafrumvarpinu og þessari áætlun er gert ráð fyrir að innlausn eldri spariskírteina nemi 650 m. kr. á árinu 1985 og er það sama fjárhæð og áætluð innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé. Að lokum hafa Endurlán ríkissjóðs nýlega skuldbreytt erlendu láni frá árinu 1979 og frestar það afborgunum um 5 ár. Þessi ráðstöfun felur í sér minna útstreymi úr sjóðnum sem nemur afborgun næsta árs og lækkar því erlenda lántökuþörf um 180 m. kr. á árinu 1985.

**2. Erlendar lántökur:** Erlendar lántökur opinberra aðila nema alls 4 472 m. kr. á árinu 1985 samanborið við 3 902 m. kr. á yfirstandandi ári. Áætlunin felur í sér nokkra aukningu á erlendum lántökum hins opinbera og hlutdeild þeirra í erlendum lántökum þjóðarbúsins.

Hækkun á erlendum lántökum hins opinbera skýrist af auknum lántökum fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs eða úr 1 064 m. kr. í 1 800 m. kr. Hins vegar er áætlað að lántökur sveitarfélaga lækki úr 343 m. kr. í 153 m. kr. Erlendar lántökur A-hluta ríkissjóðs nema 1 261 m. kr. og B-hluta ríkissjóðs 1 258 m. kr. Hafa ber í huga að stór hluti lánsfjárþarfar opinberra aðila orsakast af greiðslu vaxta og afborgana erlendra lána. Þessar greiðslur eru áætlaðar alls um 1 560 m. kr. hjá A-hluta ríkissjóðs á árinu 1985, þar af 870 m. kr. í vexti og 690 m. kr. í afborganir. Lántökur B-hluta ríkissjóðs til lánagreiðslna nema 500 m. kr. vegna fjármagnsútgjalda Kröflu, en að auki er virkjuninni gert að skila 98,5 m. kr. úr rekstri upp í vexti og afborganir.

## VII.
## Fjárfestingarlánasjóðir.

Fjárfestingarlánasjóðir, sem greint er frá í þessari lánsfjáráætlun, eru alls 15 að tölu, en þar af eru 14 sem lánsfjár er aflað til samkvæmt áætluninni. Eru þetta svo til sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar í lánsfjáráætlun fyrri ára.

Fjárfestingarlánasjóðum er í áætluninni skipt í tvo aðalflokka, annars vegar íbúðalánasjóði (Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna) og hins vegar atvinnuvegasjóði. Er þá greint á milli þeirra sjóða er Framkvæmdasjóður lánar til og tveggja annarra atvinnuvegasjóða er ekki njóta að jafnaði sérstakrar fjármögnunar frá Framkvæmdasjóði. Ný útlán sjóðanna eru áætluð alls 4 566 m. kr. árið 1985, þar af íbúðalánasjóðir 2 473 m. kr. eða 54% og atvinnuvegasjóðir 2 093 m. kr. eða 46%. Er þetta 51% hærri fjárhæð en áætluð útlán 1984, sem áætluð voru 3 031 m. kr. ef miðað er við sömu sjóði bæði árin. Hækkun íbúðalánasjóðanna milli ára verður 57% frá lánsfjárlögum 1984 en hækkun atvinnuvegasjóða nemur 42%.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóða, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti, a) eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög kveða á um og c) aðfengnu lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjáráætlun. Hluti lánsfjár samkvæmt lánsfjáráætlun í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóða er eins og á undanförnum árum stærsti þátturinn í framangreindri fjármögnun. Þannig er gert ráð fyrir að hluti lánsfjár í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóðanna muni nema 70,1% á árinu 1985. Má því segja að starfsemi sjóðanna byggist í höfuðdráttum á aðfengnu lánsfé. Að sjálfsögðu er þetta afar mismunandi milli hinna einstöku sjóða, en í þessu efni sker Fiskveiðasjóður sig algerlega úr þar sem eigið ráðstöfunarfé hans verður neikvætt á árinu 1985 um 575 m. kr. Önnur fjármögnun sjóðanna er að öllu leyti opinbert framlagsfé þar sem eigin fjármögnun skilar engu til nýrrar ráðstöfunar þegar á heildina er litið.

Eins og að framan greinir eru heildarútlán fjárfestingarlánasjóðanna 1985 áætluð 4 566 m. kr. Til að standa undir þeim útlánum þurfa sjóðirnir að taka að láni 3 200 m. kr., þeir fá

framlög og skatttekjur er nema 1 485 m. kr., en eigið ráðstöfunarfé þeirra verður neikvætt um 118 m. kr. þegar á heildina er litið.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Það hefur verið skoðun stjórnvalda á undanförnum árum að óhjákvæmilegt væri að efla starfsemi sjóðanna og auka útlánagetu þeirra með útvegun lánsfjár þeim til handa samkvæmt lánsfjáráætlun. Jafnframt hefur nú að undanförnu verið lögð á það rík áhersla af stjórnvöldum að sjóðirnir styrktu fjárhag sinn og þá jafnframt útlánagetu með raunsærri ávöxtun fjárins. Í þessum efnum hefur þegar náðst verulegur árangur þar eð verðtrygging nær nú til nánast allra útlána. Samræming útlánakjara er nú komin í viðunandi horf eins og stefnt hefir verið að á undanförnum árum.

Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Á árinu 1984 er áætlað að lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóða nemi 818 m. kr. Á árinu 1985 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir láni til fjárfestingarlánasjóða 1 400 m. kr. sem skiptist þannig að Framkvæmdasjóður fær af því fé 150 m. kr., íbúðarlánasjóðir 1 220 m. kr. og Stofnlánadeild landbúnaðarins 30 m. kr.

Fjárþörf íbúðarlánasjóðanna er mjög mikil á árinu 1985 vegna fyrri ákvarðana um hækkun lána til íbúðabyggjenda. Framlag úr ríkissjóði er áætlað 904 m. kr. Lánsfjáröflun til sjóðanna er fyrirhuguð þannig að 1 220 m. kr. verði aflað hjá lífeyrissjóðum, tekið verði 150 m. kr. erlent lán vegna orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði og 188 m. kr. verði aflað með sérstakri fjáröflun. Alls nemur því lántaka byggingarsjóðanna 1 558 m. kr.

Útlán íbúðarlánasjóðanna 1985 eru áætluð 2 473 m. kr., eins og fyrr greinir, sem skiptist þannig að Byggingarsjóður ríkisins lánar 1 790 m. kr. og Byggingarsjóður verkamanna 683 m. kr.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs af innlánsaukningu ársins 1985 eins og á liðnum árum. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa verið í föstum skorðum undanfarin 18 ár og taka bankarnir á þennan veg þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma.

Samkvæmt áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 1 582 m. kr. á árinu 1985, þar af 1 510 m. kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Er sú fjárhæð miðuð við að lágmarksútlánageta viðkomandi fjárfestingarlánasjóðs sé tryggð. Til þess að ná því marki mun Framkvæmdasjóður þurfa að taka erlend lán er nemi 942 m. kr.

Á árinu 1985 er gert ráð fyrir að Byggðasjóður fái erlent lán að fjárhæð 120 m. kr. og er það hluti af lánsfjáröflun ríkissjóðs. Ráðstöfunarfé sjóðsins verður þá alls um 129 m. kr. á því ári.

Eins og áður þarfnast Fiskveiðasjóður lánsfjár langt umfram aðra lánasjóði atvinnuveganna. Valda því hin miklu skipakaup liðinna ára og mikil innlend skipasmíði að undanförnu. Þá ber að geta þess að innlendar skipasmíðar, þar með taldar meiri háttar breytingar, endurbætur og viðgerðir skipa, eru nú fjármagnaðar með erlendum lánum sem tekin eru af viðkomandi gjaldeyrisbanka, jafnháum hinum endanlegu lánum Fiskveiðasjóðs. Sjóðurinn tekur við framangreindum erlendum lánum að verkum loknum og endurlánar með lengdum lánstíma, allt að 18 árum, eins og reglur sjóðsins gera ráð fyrir. Lán þau er Fiskveiðasjóður yfirtekur með þessum hætti eru nú talin til útlána þegar smíði lýkur og yfirtakan fer fram, en áður voru til útlána taldar hjá Fiskveiðasjóði afborganir sjóðsins af hinum erlendu lánum að frádregnum afborgunum frá lántakendum. Greiðslustaða sjóðsins verður þess utan mun erfiðari á yfirstandandi ári og árinu 1985 vegna mjög mikilla vanskila við sjóðinn, einkum vegna skipalána, auk þess sem fallist hefir verið á eftirgjöf um 60% af vaxtagreiðslum á lánum sjóðsins til útgerðarfyrirtækja. Enn fremur versnar greiðslustaðan vegna yfirtöku sjóðsins á erlendum kaupalánum vegna þrettán áður innfluttra fiskiskipa og fjögurra erlendra lána til endurbóta á fiskiskipum, sem stjórn sjóðsins samþykkti á árinu 1984.

Eigin fjármögnun Fiskveiðasjóðs er afar erfið. Samkvæmt áætlun ársins 1984 er hún neikvæð um 540 m. kr. og 1985 um 575 m. kr. Með yfirteknum erlendum lánum vegna skipakaupa, skipasmíða, tækja og viðgerða, 150 m. kr., og láni Framkvæmdasjóðs, 715 m. kr., verða útlán Fiskveiðasjóðs 1985 465 m. kr. til vinnslustöðva og tækja, viðgerða og breytinga skipa. Tekið skal fram, að ekki er í áætlun Fiskveiðasjóðs gert ráð fyrir neinum lánveitingum vegna raðsmíðaverkefna, þótt vitað sé að fjögur skip eru í smíðum. Ef hins vegar eitthvert þessara skipa verður afhent á árinu 1985 og lánveiting samþykkt af stjórn sjóðsins, hækkar fjárþörfin um 60% af kostnaðarverði hvers skips. Þessum lánveitingum yrði væntanlega mætt með erlendum lánum, er skipunum fylgja.

Samkvæmt áætluninni mun Iðnlánasjóður geta lánað um 558 m. kr. samanborið við 299 m. kr. árið 1984. Þegar með eru tekin lán Iðnþróunarsjóðs, 225 m. kr., og lán og styrkir vöruþróunar- og markaðskönnunardeildar Iðnlánasjóðs, um 75 m. kr., geta lán þessara þriggja sjóða til iðnaðar numið um 858 m. kr. á árinu 1985. Þessu til viðbótar koma síðan lán Byggðasjóðs til iðnaðar, en þau munu nema um 30 m. kr. 1984 og gera má ráð fyrir álíka fjárhæð á árinu 1985.

## VIII.
## Töfluviðauki.

**I Fjárfesting**

Tafla 1 Fjármunamyndun 1983—1985
Tafla 2 Yfirlit um fjármunamyndun 1982—1985
Tafla 3 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1983—1985

**II Fjármögnun**

Tafla 4 Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1985
Tafla 5 Lánsfjárþörf opinberra aðila samkvæmt endurskoðun ríkisfjármála 1984 og lánsfjáráætlun 1985

**III Erlend lán og greiðslujöfnuður**

Tafla 6 Greiðslujöfnuður við útlönd 1983—1985

**IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir**

Tafla 7 Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1981—1985
Tafla 8 Skuldabréfakaup lífeyrissjóða 1984—1985
Tafla 9 Byggingarsjóður ríkisins 1984 og 1985
Tafla 10 Byggingarsjóður verkamanna 1984 og 1985
Tafla 11 Framkvæmdasjóður Íslands 1984 og 1985
Tafla 12 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1985

**V Opinberar framkvæmdir**

Tafla 13 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1985
Tafla 14 Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1985
Tafla 15 Samgönguframkvæmdir 1985
Tafla 16 Opinberar byggingar 1985
Tafla 17 RARIK, almennar framkvæmdir 1984 og 1985

# I Fjárfesting

## Tafla 1 Fjármunamyndun 1983—1985
(millj. kr.)

| | Verðlag hvers árs | | | Magnbreytingar frá fyrra ári % | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Bráðab.-tölur 1983 | Áætluð útkoma 1984 | Áætlun 1985 | Bráðab.-tölur 1983 | Áætluð útkoma 1984 | Áætlun 1985 |
| **Fjármunamyndun alls** | **13 000** | **16 304** | **21 020** | **−13,6** | **2,8** | **2,0** |
| Þar af: | | | | | | |
| Landsvirkjun, Kröfluvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja | 1 148 | 952 | 1 250 | −23,9 | −32,1 | 4,2 |
| Innflutt skip og flugvélar | 587 | 635 | 1 400 | −22,5 | -11,4 | 73,5 |
| Útflutt skip og flugvélar | −117 | −430 | −150 | | | |
| Önnur fjármunamyndun | 11 382 | 15 147 | 18 520 | −12,0 | 9,1 | −3,2 |
| **I Atvinnuvegirnir** | **5 531** | **7 469** | **10 412** | **−14,4** | **10,7** | **10,0** |
| 1. Landbúnaður | 650 | 820 | 1 000 | −14,0 | 3,4 | −3,2 |
| 2. Fiskveiðar | 731 | 1 000 | 730 | −19,0 | 12,2 | −42,1 |
| 3. Vinnsla sjávarafurða | 512 | 740 | 1 030 | −15,8 | 18,6 | 10,0 |
| 4. Álverksmiðja | 22 | 40 | — | −68,7 | 50,0 | — |
| 5. Járnblendiverksmiðja | 9 | 12 | 50 | −33,3 | 11,1 | 233,3 |
| 6. Annar iðnaður (en 3.-5.) | 1 150 | 1 650 | 2 300 | −9,1 | 17,6 | 10,2 |
| 7. Flutningatæki | 832 | 885 | 2 280 | −24,8 | -12,7 | 102,8 |
| 8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl. | 831 | 1 014 | 1 278 | −9,6 | 0,0 | 0,0 |
| 9. Ýmsar vélar og tæki | 794 | 1 308 | 1 744 | −5,2 | 35,0 | 5,0 |
| **II Íbúðarhús** | **2 694** | **3 353** | **4 225** | **−8,0** | **2,0** | **0,0** |
| **III Byggingar og mannvirki hins opinbera** | **4 775** | **5 482** | **6 383** | **−15,7** | **-5,9** | **-7,6** |
| 1. Rafvirkjanir og rafveitur | 1 560 | 1 350 | 1 663 | −23,6 | −29,0 | −2,2 |
| 2. Hita- og vatnsveitur | 440 | 670 | 816 | −21,6 | 24,8 | −3,3 |
| þar af hitaveitur | (330) | (530) | (640) | −25,5 | 31,5 | −4,2 |
| 3. Samgöngumannvirki | 1 825 | 2 302 | 2 554 | -5,2 | 3,4 | −11,9 |
| 4. Byggingar hins opinbera | 950 | 1 160 | 1 350 | −15,5 | 0,1 | −7,7 |

Aths.: Magnbreytingar 1983 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980, en magnbreytingar 1984 og 1985 eru miðaðar við verðlag áranna 1983 og 1984.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

## Tafla 2 Yfirlit um fjármunamyndun 1982—1985

| | 1982 | Bráðab.-tölur 1983 | Áætluð útkoma 1984 | Áætlun 1985 |
|---|---|---|---|---|
| **Verg þjóðarframleiðsla (millj. kr.)** | **31 197** | **53 004** | **67 300** | **86 420** |
| **Heildarfjármunamyndun (millj. kr.)** | **8 576** | **13 000** | **16 304** | **21 020** |
| a) Atvinnuvegir | 3 659 | 5 531 | 7 469 | 10 412 |
| b) Íbúðarhús | 1 714 | 2 694 | 3 353 | 4 225 |
| c) Opinberar framkvæmdir | 3 203 | −4 775 | 5 482 | 6 383 |
| **Heildarfjármunamyndun í % af VÞF** | **27,5** | **24,5** | **24,2** | **24,3** |
| a) Atvinnuvegir | 11,7 | 10,4 | 11,1 | 12,0 |
| b) Íbúðarhús | 5,5 | 5,1 | 5,0 | 4,9 |
| c) Opinberar framkvæmdir | 10,3 | 10,3 | 8,1 | 7,4 |
| **Heildarfjármunamyndun, hlutfallsleg samsetning** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** |
| a) Atvinnuvegir | 42,7 | 42,5 | 45,8 | 49,5 |
| b) Íbúðarhús | 20,0 | 20,7 | 20,6 | 20,1 |
| c) Opinberar framkvæmdir | 37,3 | −36,8 | 33,6 | 30,4 |
| **Verg þjóðarframleiðsla, magnbreyting milli ára (%)** | **-1,5** | **-5,5** | **-0,4** | **+0,6** |
| **Heildarfjármunamyndun, magnbreyting milli ára (%)** | **-1,5** | **-13,6** | **+2,8** | **+2,0** |
| a) Atvinnuvegir | -0,6 | -14,4 | +10,7 | +10,0 |
| b) Íbúðarhús | +8,9 | -8,0 | +2,0 | 0,0 |
| c) Opinberar framkvæmdir | -7,1 | -15,7 | -5,9 | -7,6 |
| **Hlutfallstölur (% af VÞF):** | | | | |
| Heildarfjármunamyndun | 27,5 | 24,5 | 24,2 | 24,3 |
| + Birgðabreytingar | 2,8 | -2,0 | 0,7 | 0,0 |
| − Heildarsparnaður | 20,4 | 20,1 | 19,1 | 18,7 |
| Mismunur = Viðskiptahalli | 9,9 | 2,4 | 5,8 | 5,6 |

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

## Tafla 3 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1983—1985
(millj. kr.)

| | Verðlag hvers árs | | | Verðlag ársins 1983 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Bráðab.-tölur 1983 | Áætluð útkoma 1984 | Áætlun 1985 | Bráðab.-tölur 1983 | Áætluð útkoma 1984 | Áætlun 1985 |
| Rafvirkjanir og rafveitur | 1 560 | 1 350 | 1 663 | 1 560 | 1 107 | 1 082 |
| Þar af: Landsvirkjun | (1 052) | (900) | (1 200) | (1 052) | (738) | (781) |
| Kröfluvirkjun | (66) | — | — | (66) | — | — |
| Hitaveitur | 330 | 530 | 640 | 330 | 434 | 416 |
| Vatnsveitur | 110 | 140 | 176 | 110 | 115 | 115 |
| Vegir og brýr | 500 | 680 | 820 | 500 | 557 | 534 |
| Götur og holræsi | 720 | 740 | 890 | 720 | 607 | 579 |
| Hafnir og vitar | 185 | 191 | 134 | 185 | 157 | 87 |
| Flugvellir | 60 | 291 | 326 | 60 | 239 | 212 |
| Póstur, sími, útvarp og sjónvarp | 360 | 400 | 384 | 360 | 328 | 250 |
| Skólar og íþróttamannvirki | 400 | 520 | 645 | 400 | 426 | 420 |
| Sjúkrahús | 370 | 430 | 480 | 370 | 352 | 312 |
| Félagsheimili og kirkjur | 60 | 60 | 65 | 60 | 49 | 42 |
| Aðrar byggingar hins opinbera | 120 | 150 | 160 | 120 | 123 | 104 |
| Samtals | 4 775 | 5 482 | 6 383 | 4 775 | 4 494 | 4 153 |

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

## Tafla 4 Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1985
(millj. kr.)

| | Sala spari-skírteina | Verðbréfa-kaup bankanna | Lífeyris-sjóðir | Önnur innlend fjáröflun | Erlend lán | Heildar-lántökur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **I Opinberir aðilar** | **400** | **—** | **—** | **380** | **4 322** | **5 102** |
| Ríkissjóður, A-hluti | 400 | — | — | 200 | 1 261 | 1 861 |
| Ríkissjóður, B-hluti | — | — | — | 180 | 1 108 | 1 288 |
| Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs | — | — | — | — | 1 800 | 1 800 |
| Sveitarfélög | — | — | — | — | 153 | 153 |
| **II Húsbyggingarsjóðir** | **—** | **—** | **1 220** | **188** | **150** | **1 558** |
| Byggingarsjóður ríkisins | — | — | 875 | 188 | 150 | 1 213 |
| Byggingarsjóður verkamanna | — | — | 345 | — | — | 345 |
| **III Lánastofnanir** | **—** | **200** | **180** | **—** | **992** | **1 372** |
| Framkvæmdasjóður | — | 200 | 150 | — | 942 | 1 292 |
| Iðnþróunarsjóður | — | — | — | — | 50 | 50 |
| Stofnlánadeild landbúnaðarins | — | — | 30 | — | — | 30 |
| **IV Atvinnufyrirtæki** | **—** | **—** | **—** | **—** | **1 836** | **1 836** |
| Ósundurliðað | — | — | — | — | 1 836 | 1 836 |
| **Heildarfjárþörf (I—IV)** | **400** | **200** | **1 400** | **568** | **7 300** | **9 868** |

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

## II Fjármögnun

### Tafla 5 Lánsfjárþörf opinberra aðila samkvæmt endurskoðun ríkisfjármála 1984 og lánsfjáráætlun 1985
(millj. kr.)

| | Endurskoðuð áætlun 1984 | Lánsfjáráætlun 1985 |
|---|---|---|
| **1. Ríkissjóður, A- og B-hluti** | **2 725** | **3 299** |
| **1.1 A-hluti** | **1 410** | **1 861** |
| **1.2 B-hluti** | **1 315** | **1 438** |
| Byggðasjóður | 120 | 120 |
| Bjargráðasjóður | 60 | 0 |
| Byggingarsjóður ríkisins | 190 | 0 |
| Byggingarsjóður ríkisins v/orkusparnaðar | 0 | 150 |
| Landakaup kaupstaða og kauptúna | 1 | 0 |
| Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna | 14 | 0 |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 258 | 340 |
| RARIK, almennar framkvæmdir | 168 | 175 |
| Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld | 358 | 500 |
| Orkusjóður, hitaveitulán | 10 | 10 |
| Orkusjóður, jarðhitaleit | 10 | 10 |
| Orkusjóður, sveitarafvæðing | 7 | 0 |
| Póstur og sími, sjálfvirkur sími | 30 | 30 |
| Umferðarmiðstöð | 0 | 3 |
| Flugstöð á Keflavíkurflugvelli | 89 | 100 |
| **2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs** | **1 064** | **1 800** |
| Landsvirkjun | 900 | 1 200 |
| Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir | 30 | 40 |
| Steinullarverksmiðja | 80 | 60 |
| Sjóefnavinnsla á Reykjanesi | 45 | 0 |
| Grænfóðurverksmiðja í Skagafirði | 9 | 0 |
| Iðnþróunarfélag | — | 500 |
| **3. Sveitarfélög** | **343** | **153** |
| Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar | 22 | 65 |
| Fjarhitun Vestmannaeyja | 0 | 82 |
| Hitaveita Akureyrar | 89 | 0 |
| Hitaveita Rangæinga | 11 | 6 |
| Hitaveita Kjalarness | 25 | 0 |
| Hitaveita Selfoss og Eyra | 46 | 0 |
| Jöfnunarsjóður sveitarfélaga | 150 | 0 |
| **4. Ráðstöfun (1+2+3) = fjáröflun (5+6)** | **4 132** | **5 252** |
| **5. Innlend fjáröflun** | **230** | **780** |
| Útgáfa spariskírteina | 260 | 400 |
| Innheimta umfram innlausn af endurlánuðu spariskírteinafé | -220 | 0 |
| Verðbréfakaup lífeyrissjóða | 120 | 0 |
| Skuldbreyting Endurlána ríkissjóðs | 0 | 180 |
| Önnur fjáröflun | 70 | 200 |
| **6. Erlend lán** | **3 902** | **4 472** |
| Ríkissjóður, A- og B-hluti | 2 495 | 2 519 |
| Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs | 1 064 | 1 800 |
| Sveitarfélög | 343 | 153 |

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 6 **Greiðslujöfnuður við útlönd 1983—1985**
(Meðalgengi hvers árs, millj. kr.)

| | 1983 | Áætlun 1984 | Lánsfjár-áætlun 1985 |
|---|---|---|---|
| Innfluttar vörur alls, f. o. b. | −18 156 | −23 800 | −30 850 |
| Skip og flugvélar | −587 | −635 | −1 400 |
| Til stóriðjuvera | −1 555 | −2 030 | −2 580 |
| Annar innflutningur | −16 014 | −21 135 | −26 870 |
| (Þar af olía) | (−3 012) | (−3 500) | (−4 450) |
| (Þar af annað) | (−13 002) | (−17 635) | (−22 420) |
| Útfluttar vörur alls, f.o.b. | 18 623 | 23 300 | 30 450 |
| **Vöruskiptajöfnuður** | **467** | **−500** | **−400** |
| **Þjónustujöfnuður** | **−1 730** | **−3 400** | **−4 400** |
| Innflutt þjónusta | −10 563 | −14 700 | −19 950 |
| Útflutt þjónusta | 8 833 | 11 300 | 15 550 |
| **Viðskiptajöfnuður** | **−1 263** | **−3 900** | **−4 800** |
| Viðskiptajöfnuður í % af VÞF | −2,4 | −5,8 | −5,6 |
| **Framlög án endurgjalds** | **−42** | ... | ... |
| **Fjármagnsjöfnuður** | **1 162** | **3 400** | **3 800** |
| Erlent einkafjármagn | −610 | 600 | ... |
| Langar lántökur, nettó | 2 899 | 3 275 | 2 600 |
| Innkomin löng lán, alls | 5 577 | 7 570 | 7 300 |
| Afborganir | −2 678 | −4 295 | −4 700 |
| Stuttar fjármagnshreyfingar, nettó | −1 127 | −475 | 1 200[1]) |
| **Heildargreiðslujöfnuður** | **−143** | **−500** | **−1 000** |

1) Nettó-innstreymi gæti hæglega orðið minna en það mundi jafnframt rýra gjaldeyrisstöðuna enn frekar.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

## IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

### Tafla 7 Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1981—1985
(millj .kr.)

| | 1981 | Bráðab.-tölur 1982 | Áætlun 1983 | Endurskoðuð áætlun 1984 | Spá 1985 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Uppruni fjár:** | | | | | |
| 1 Eigið framlag, nettó | 479 | 702 | 1 240 | 1 490 | 2 150 |
| 11 Afborganir | 109 | 204 | 379 | 1 600 | 2 300 |
| 12 Vextir | 393 | 545 | 946 | | |
| 13 Kostnaður o. fl., nettó | -23 | -47 | -84 | -110 | -150 |
| 2 Iðgjöld, nettó | 487 | 721 | 1 189 | 1 310 | 1 500 |
| 21 Innkomin iðgjöld | 808 | 1 229 | 2 066 | 2 500 | 3 200 |
| 22 Lífeyrisgreiðslur | -320 | -507 | -874 | -1 190 | -1 700 |
| 23 Endurgreidd iðgjöld | -1 | -2 | -3 | — | — |
| **3 Uppruni (1+2) = Ráðstöfun (4+5)** | **966** | **1 423** | **2 429** | **2 800** | **3 650** |
| **Ráðstöfun fjár:** | | | | | |
| 4 Útlán | 887 | 1 299 | 2 087 | — | — |
| (þ. a. til sjóða) | (342) | (469) | (863) | — | — |
| 5 Innstæðu- og sjóðsbreytingar | 79 | 124 | 342 | — | — |

Heimild: Seðlabanki Íslands.

## IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

### Tafla 8 Skuldabréfakaup lífeyrissjóða 1984—1985
(millj. kr.)

| | Lánsfjárlög 1984 | Lánsfjáráætlun 1985 |
|---|---|---|
| Byggingarsjóður ríkisins | 525 | 875 |
| Byggingarsjóður verkamanna | 165 | 345 |
| Framkvæmdasjóður Íslands | 110 | 150 |
| Stofnlánadeild landbúnaðarins | 18 | 30 |
| Ríkissjóður | 120 | — |
| | 938 | 1 400 |
| Utan lánsfjáráætlunar | 62 | — |
| Samtals | 1 000 | 1 400 |

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

## Tafla 9 Byggingarsjóður ríkisins 1984 og 1985
(millj. kr.)

| | Lánsfjárlög 1984 | Endurskoðuð ríkisfjármál 1984 | Lánsfjár-áætlun 1985 |
|---|---|---|---|
| **Innstreymi** | **1 544** | **1 544** | **2 497** |
| Ríkissjóður | 200 | 200 | 622 |
| Skylduspamaður, nettó | 45 | -30 | 0 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 115 | 0 | 0 |
| Lífeyrissjóðir | 525 | 525 | 875 |
| Sérstök fjáröflun | 200 | 200 | 188 |
| Afborganir, vextir, verðbætur | 442 | 442 | 625 |
| Tekjur tæknideildar | 17 | 17 | 28 |
| Erlend lán | 0 | 190 | 150 |
| Annað | 0 | 0 | 9 |
| **Útstreymi** | **1 544** | **1 544** | **2 497** |
| Rekstrarkostnaður | 40 | 40 | 42 |
| Afborganir, vextir, verðbætur | 337 | 337 | 665 |
| Lánveitingar | 1 167 | 1 167 | 1 790 |
| **Lánveitingar** | **1 167** | **1 167** | **1 790** |
| Nýbyggingar | 620 | 620 | 705 |
| Eldri íbúðir | 388 | 388 | 760 |
| Íbúðir/heimili aldraðra og dagvistarstofnanir | 59 | 59 | 58 |
| Viðbyggingar og endurbætur | 68 | 68 | 90 |
| Heilsuspillandi húsnæði | 0 | 0 | 15 |
| Einstaklingar með sérþarfir | 0 | 0 | 12 |
| Orkusparandi breytingar á húsnæði | 0 | 0 | 150 |
| Annað | 32 | 32 | 0 |

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

# IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

## Tafla 10 Byggingarsjóður verkamanna 1984 og 1985
(millj. kr.)

| | Lánsfjárlög 1984 | Áætlun 1985 |
|---|---|---|
| **Innstreymi** | **442** | **790** |
| Ríkissjóður | 200 | 282 |
| Sveitarfélög | 38 | 90 |
| Kaupendur eldri íbúða | 21 | 0 |
| Afborganir, vextir, verðbætur | 18 | 73 |
| Lífeyrissjóðir | 165 | 345 |
| **Útstreymi** | **442** | **790** |
| Rekstrarkostnaður | 15 | 12 |
| Afborganir, vextir, verðbætur | 21 | 95 |
| Lánveitingar | 406 | 683 |
| **Lánveitingar** | **406** | **683** |
| Þegar gerðir samningar, nýbyggingar, nýir samningar | } 406 | 570 |
| Endursöluíbúðir | | 113 |

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

## Tafla 11 Framkvæmdasjóður Íslands 1984 og 1985
(millj. kr.)

| | Lánsfjárlög 1984 | Endurskoðuð áætlun 1984 | Lánsfjáráætlun 1985 |
|---|---|---|---|
| **Fjáröflun** | **1 112** | **2 142** | **1 582** |
| Eigið ráðstöfunarfé F. Í. | 100 | 100 | 290 |
| Lán frá innlendum bönkum | 250 | 250 | 200 |
| Lán frá lífeyrissjóðum | 110 | 110 | 150 |
| Erlend lán | 652 | 1 682 | 942 |
| **Lánveitingar** | **1 112** | **2 142** | **1 582** |
| Stofnlánadeild landbúnaðarins | 136 | 161 | 187 |
| Fiskveiðasjóður v/greiðsluhalla | 400 | 400 | 440 |
| Fiskveiðasjóður v/útlána | 250 | 400 | 275 |
| Iðnlánasjóður | 205 | 300 | 440 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | 14 | 14 | 5 |
| Ferðamálasjóður | 29 | 29 | 94 |
| Verslunarlánasjóður | 17 | 17 | 20 |
| Stofnlánadeild samvinnufélaga | 17 | 17 | 20 |
| Landflutningasjóður | 5 | 5 | 8 |
| Útflutningslánasjóður | 6 | 6 | 7 |
| Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum | 14 | 14 | 14 |
| Framleiðnisjóður landbúnaðarins | 10 | 10 | — |
| Bein útlán Framkvæmdasjóðs og fiskeldi | 9 | 29 | 72 |
| Veðdeild Búnaðarbankans v/skuldbreytinga | — | 80 | — |
| Lánastofnanir v/skuldbreytinga | — | 500 | — |
| Byggðasjóður v/skipasmíða | — | 150 | — |
| Fiskimálasjóður | — | 10 | — |

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins.

## Tafla 12 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1985
(millj. kr.)

| | | Eigin fjármögnun | | | Lántökur | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Rekstur og fjárm.-hreyfingar nettó | Sjóðs- og innstæðu-breytingar | Framlög og skatt-tekjur | Fram-kvæmda-sjóður | Líf-eyris-sjóðir | Banka-kerfið | Erlend lán | Önnur lán | Samtals | Útlán og styrkir |
| | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) |
| 1 | **Fjárfestingarlánasjóðir, alls** | **−260,0** | **141,5** | **1 484,8** | | **1 400,0** | **200,0** | **1 262,0** | **338,0** | **3 200,0** | **4 566,3** |
| 2 | **Íbúðalánasjóðir** | **−79,0** | | **994,0** | | **1 220,0** | | **150,0** | **188,0** | **1 558,0** | **2 473,0** |
| 21 | Byggingarsj. ríkisins og Veðd. L.Í. | −45,0 | | 622,0 | | 875,0 | | 150,0 | 188,0[1]) | 1 213,0 | 1 790,0 |
| 22 | Byggingarsjóður verkamanna | −34,0 | | 372,0 | | 345,0 | | | | 345,0 | 683,0 |
| 3 | **Atvinnuvegasjóðir alls** | **−181,0** | **141,5** | **490,8** | | **180,0** | **200,0** | **1 112,0** | **150,0** | **1 642,0** | **2 093,3** |
| 31 | Framkv.sjóðskerfið og Byggðasjóður | −362,5 | 130,0 | 433,8 | (1 582,0) | 180,0 | 200,0 | 1 062,0 | 150,0 | 1 592,0 | 1 793,3 |
| 3101 | Stofnlánadeild landbúnaðarins | −112,8 | | 130,4 | 187,0 | 30,0 | | | | 217,0 | 234,6 |
| 3102 | Fiskveiðasjóður, v/greiðsluhalla } | −705,0 | 130,0 | 175,0 | 440,0 } | | | | 150,0[3]) | 865,0 | 465,0 |
| | ,, v/útlána } | | | | 275,0 } | | | | | | |
| 3103 | Iðnlánasjóður | 107,5 | | 10,0 | 440,0 | | | | | 440,0 | 557,5 |
| 3104 | Verslunarlánasjóður | 8,5 | | | 20,0 | | | | | 20,0 | 28,5 |
| 3105 | Stofnlánadeild samvinnufélaga | 2,0 | | | 20,0 | | | | | 20,0 | 22,0 |
| 3106 | Ferðamálasjóður | −4,3 | | | 94,0 | | | | | 94,0 | 89,7 |
| 3107 | Lánasjóður sveitarfélaga | 35,2 | | 40,0 | 5,0 | | | | | 5,0 | 80,2 |
| 3108 | Landflutningasjóður | | | | 8,0 | | | | | 8,0 | 8,0 |
| 3109 | Útflutningslánasjóður | 100,0 | | | 7,0 | | | | | 7,0 | 107,0 |
| 3110 | Byggðasjóður | −83,6 | | 78,4 | 14,0[2]) | | | 120,0 | | 134,0 | 128,8 |
| 3110 | Framkvæmdasjóður, bein lán | | | | 72,0[4]) | | | | | 72,0 | 72,0 |
| | " lán alls | 290,0 | | | | 150,0 | 200,0 | 942,0 | | (1 292,0) | (1 582,0) |
| 32 | Aðrir sjóðir | 181,5 | 11,5 | 57,0 | | | | 50,0 | | 50,0 | 300,0 |
| 321 | Iðnþróunarsjóður | 163,5 | 11,5 | | | | | 50,0 | | 50,0 | 225,0 |
| 322 | Vöruþróun og markaðskönnunardeild (Iðnlánasjóður) | 18,0 | | 57,0 | | | | | | | 75,0 |

1) Sérstök fjáröflun.
2) Lán úr Framkvæmdasjóði vegna bætts aðbúnaðar á vinnustöðum.
3) Yfirtekin erlend lán vegna tækja og breytinga o. fl. á fiskiskipum.
4) Fiskirækt 55,0 m. kr., annað 17,0 m. kr.

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins.

## Tafla 13 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1985
(millj. kr.)

| | Áætluð fjárfestingarútgjöld 1985 | Fjármögnun | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárveiting | Úr rekstri eða sjóðum | Lánsfjáráætlun 1985 |
| 1. Landsvirkjun | 1 200 | — | — | 1 200 |
| 2. Almennar framkvæmdir RARIK | 185 | — | 10 | 175 |
| 3. Dreifikerfi í sveitum | 20 | 20 | — | — |
| 4. Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar | 8 | 8 | — | — |
| 5. Orkubú Vestfjarða | 50 | — | 10 | 40 |
| 6. Framkvæmdir sveitarfélaga | 200 | — | 200 | — |
| Samtals | 1 663 | 28 | 220 | 1 415 |

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

V Opinberar framkvæmdir

## Tafla 14 Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1985
(millj. kr.)

| | Framkvæmdir 1985 | Til framlengingar lána 1985 | Fjármögnun | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | Úr rekstri eða sjóðum | Orkusjóður | Erlent lánsfé |
| **I Hitaveitur** | **625,0** | **124,3** | **586,3** | **10,0** | **153,0** |
| Hitaveita Reykjavíkur | 500,0 | — | 500,0 | — | — |
| Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar | 3,1 | 42,3 | -19,6 | — | 65,0 |
| Fjarhitun Vestmannaeyja | — | 82,0 | — | — | 82,0 |
| Hitaveita Rangæinga | 6,0 | — | — | — | 6,0 |
| Aðrar hitaveitur | 115,9 | — | 105,9 | 10,0 | — |
| **II Til annarra verkefna** | **15,0** | — | **5,0** | — | **10,0** |
| Jarðhitaleit | 15,0 | — | 5,0[1]) | — | 10,0 |
| Samtals I—II | 640,0 | 124,3 | 591,3 | 10,0 | 163,0 |
| **III Vatnsveitur** | **176,0** | — | **176,0** | — | — |
| Vatnsveita Reykjavíkur | 76,0 | — | 76,0 | — | — |
| Aðrar vatnsveitur | 100,0 | — | 100,0[2]) | — | — |
| Samtals I—III | 816,0 | 124,3 | 767,3 | 10,0 | 163,0 |

1) Fjárveiting A-hluta ríkissjóðs 5,0 m. kr.
2) Þar af fjárveiting A-hluta ríkissjóðs 5,0 m. kr.

Heimild: Fjárlaga og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

## V Opinberar framkvæmdir

### Tafla 15 Samgönguframkvæmdir 1985
(millj. kr.)

| | Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1985 | Fjármögnun | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárveiting | Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum | Lánsfjár-áætlun 1985 |
| 1. Vegir og brýr | 820,0 | 820,0 | — | — |
| 2. Götur og holræsi | 890,0 | 124,0 | 766,0 | — |
| 3. Hafnir og vitar | 134,0 | 74,5 | 59,5 | — |
| 4. Flugvellir | 55,0 | 55,0 | — | — |
| 5. Póstur og sími, útvarp | 384,0 | — | 354,0 | 30,0 |
| 6. Flugstöð á Keflavíkurflugvelli | 271,0 | — | 171,0[1]) | 100,0 |
| Samtals | 2 554,0 | 1 073,5 | 1 350,5 | 130,0 |

1) Framlag Bandaríkjamanna.
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

## V Opinberar framkvæmdir

### Tafla 16 Opinberar byggingar 1985
(millj. kr.)

| | Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1985 | Fjármögnun | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárveiting | Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum | Lánsfjár-áætlun 1985 |
| 1. Skólar og íþróttamannvirki | 645,0 | 344,0 | 301,0 | — |
| 2. Sjúkrahús | 480,0 | 298,1 | 181,9 | — |
| 3. Félagsheimili og kirkjur | 65,0 | 19,5 | 45,5 | — |
| 4. Aðrar opinberar byggingar | 160,0 | 85,0 | 75,0 | — |
| Samtals | 1 350,0 | 746,6 | 603,4 | — |

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

## Tafla 17 RARIK, almennar framkvæmdir 1984 og 1985
(þús. kr.)

| | Fjárlög 1984 | Lánsfjár-áætlun 1985 |
|---|---|---|
| **Stofnlínur** | **60 750** | **82 430** |
| Prestbakki — Kirkjubæjarklaustur | — | 2 540 |
| Vogaskeið — Grundarfjörður | 6 300 | 20 030 |
| Sauðárkrókur — Hofsós | 340 | — |
| Akureyri — Dalvík | 26 240 | 33 030 |
| Laxá — Kópasker | 19 010 | — |
| Stuðlar — Eskifjörður | 3 170 | — |
| Eskifjörður — Neskaupstaður | 500 | 23 230 |
| Eyvindará — Egilsstaðir | — | 1 100 |
| Aðveitustöð Stöðvarfjörður — Kirkjuból | — | 1 500 |
| Hólar — Höfn II | 340 | — |
| Athuganir, endurbætur o. fl. | 1 500 | 1 000 |
| Lúkning verka fyrra árs | 3 350 | — |
| **Aðveitustöðvar** | **45 030** | **27 950** |
| Prestbakki | — | 13 750 |
| Flúðir | 3 430 | — |
| Hella | 6 640 | — |
| Njarðvík | — | 2 600 |
| Ólafsvík | 560 | — |
| Skagaströnd | 5 530 | — |
| Eskifjörður | 12 000 | 2 000 |
| Lagarfoss | — | 5 140 |
| Stuðlar | 4 000 | — |
| Fáskrúðsfjörður | 360 | 460 |
| Teigarhorn | 500 | — |
| Hólar | 1 510 | — |
| Lúkning verka fyrra árs | 3 350 | — |
| Raflínusími og fjargæsla alls | 7 150 | 4 000 |
| **Geymsluhús o. fl.** | **5 000** | **23 420** |
| **Innanbæjarkerfi** | **47 240** | **40 000** |
| **Vélar og tæki** | **10 000** | **5 000** |
| **Dísilstöðvar** | **6 980** | **6 200** |
| **Almennar framkvæmdir samtals** | **175 000** | **185 000** |
| **Fjármögnun framkvæmda** | **175 000** | **185 000** |
| Heimtaugargjöld | 7 000 | 10 000 |
| Lántökur | 168 000 | 175 000 |

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.